



Samstarfssamningur

Dalabyggð og Leikklúbbur Laxdæla.

Dalabyggðar kt. 510694-2019 og Leikklúbbs Laxdæla kt. 451078-1789 gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. gr. Markmið

Markmið samnings þessa eru:

- að skilgreina og efla tengsl sveitarfélagsins og leikklúbbsins.
- að hvetja til og styrkja starfsemi leikklúbbsins.
- að styrkja Dalabyggð frekar sem áhugaverðan og góðan búsetukost með öflugum og fjölbreyttu menningarlífi.
- að móta samskipti Dalabyggðar og leikklúbbsins til framtíðar.

2. gr. Aðstaða og umgengni

Leikklúbbur Laxdæla hefur endurgjaldslaust afnot af:

- Aðstöðu og geymslu í Dalabúð.
 - Leikklúbburinn hefur einkaafnot af læstri geymslu árið um kring. Leikklúbburinn einn hefur lykla að þeirri geymslu og er öðrum óheimilt að sækja þangað muni eða setja inn muni nema í samráði við klúbbinn.
 - Leikklúbburinn hefur afnot af lokaðri aðstöðu á sviði fyrir leikmyndir og stærri hluti svo það sé ekki fyrir eða aðgengilegt öðrum.
 - Leikklúbburinn sér um ræstingu aðstöðu og geymslu en hefur aðgang að ræstiherbergi og ræstivörum.
- Félagsheimilinu Dalabúð í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar.
 - Gert er ráð fyrir uppsetningu leikrits einu sinni til tvisvar á ári með tilheyrandi æfingum og sýningum.
 - Tímaáætlun vegna afnota komandi vetrar sé gerð að hausti í samráði við húsvörð/skrifstofu Dalabyggðar. Hún sé gerð með hliðsjón af skóladagatali Auðarskóla og sé bókuð í dagatal Dalabúðar.
 - Afnot leikklúbbsins eru víkjandi gagnvart starfsemi Auðarskóla og öðrum viðburðum sem upp kunna að koma enda hafi húsvörður/skrifstofa Dalabyggðar samráð við leikklúbbinn eins fljótt og auðið er. Þetta gildir þó ekki um sýningar skv. tímaáætlun og ekki þarf að taka niður leikmynd á sviði á æfingartíma.



- Leikklúbburinn sér um tiltekt og ræstingar eftir sig hverju sinni s.s. vegna æfinga, sýninga og annarra viðburða á þeirra vegum.
- Dalabyggð sér um ræstingu hússins að öðru leyti.

3. gr. Framlag

Aðstaðan í húsnæðinu er metin og getið sem styrks til leikklúbbsins í uppgjöri sveitarfélagsins. Árlegt framlag Dalabyggðar til leikklúbbsins er metið eftirfarandi:

- | | | |
|--------------------------------------|-----|-------------|
| • Vegna aðstöðu og geymslu í Dalabúð | kr. | 500.000.- |
| • Vegna annarrar aðstöðu í Dalabúð | kr. | 1.000.000.- |

Áætluð nýting á húsnæðinu er eftirfarandi:

- | | |
|--------------------------|-----------------|
| • Geymsla og aðstaða | allt árið |
| • Dalabúð, félagsheimili | 200 klst. á ári |

Reiknað tímaverð hússins er:

- | | | |
|--------------------------|-----|--------------------|
| • Geymsla og aðstaða | kr. | 500.000.- pr. árið |
| • Dalabúð, félagsheimili | kr. | 5.000.- pr. klst |

Farið er fram á að leikklúbburinn haldi yfirlit yfir tímanotkun sína á húsnæðinu.

Leikklúbburinn skuldbindur sig til að geta þess í kynningum og annars staðar þar sem það getur átt við að Dalabyggð sé styrktaraðili leikklúbbsins.

4. gr. Skuldbindingar

Heimilt er að kalla fulltrúa leikklúbbsins fund menningarmálanefndar ef þurfa þykir, s.s. til að fara yfir starf klúbbsins og skipulag. Leikklúbburinn skal skila skýrslu um störf sín að loknum aðalfundi ár hvert.

Fulltrúar leikklúbbsins geta skilað tillögu til byggðarráðs varðandi fjárhagsáætlanagerð hvers árs, þar sem meðal annars eru útlistaðar tillögur að búnaðar kaupum og endurbótum. Í tillögu þarf að koma fram hugsanleg hlutdeild leikklúbbsins í búnaðar kaupum og endurbótum. Tillögur þessar verða teknar til skoðunar eftir efnum og aðstæðum hverju sinni.

Dalabyggð er heimilt að ljá afnot af búnaði sem keyptur er á þennan hátt til annarra notenda Dalabúðar.

Leikklúbburinn aðstoðar við að útvega jólasveina til að taka þátt í árlegri athöfn þegar kveikt er á jólatrénu við Dalabúð.



5. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2028. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar geta hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skulu samningsaðilar undirrita nýjan samning með áorðnum breytingum.

Ágreiningur sem rísa kann vegna samnings þessa skal leystur með úrskurði byggðarráðs Dalabyggðar.

Búðardal, xx.xx.2025

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

Ólöf Halla Bjarnadóttir, formaður

Vottar að réttum undirskriftum og dagssetningu:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala